

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1976

26. febrúar 1976.

11

Nr. 7.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, sbr. l. nr. 39 24. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á vormisseri 1976 skal, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara, veita námslán á þann hátt, að lánasjóðurinn kaupi skuldabréf af lánþegum gegn almennum útlánsvöxtum viðskiptabankanna. Skulu tveir menn auk lánþega taka að sér sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu skuldabréfa þessara. Skal gjalddagi bréfa þessara vera 1. júní n. k. en eindagi 1. september n. k. Eftir gjalddaga bréfanna en fyrir eindaga þeirra gefst lánþegum kostur á því að greiða bréfin með því að gangast undir skuldbindingu um að endurgreiða höfuðstól bréfanna auk áfallinna vaxta í samræmi við þau ákvæði, sem á þeim tíma verða í gildi, um endurgreiðslu námslána skv. lögum um námslán og námsstyrki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 26. febrúar 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.